

**Sr. Kristján Búason, fv. dósent, félagi í  
Rótarýklúbbnum Reykjavík-Breiðholt:**

## **Siðfræði Rótarý og fjórprófið**

(Erindi þetta var upphaflega flutt í Rótarýklúbbnum Reykjavík-Breiðholt 2005 og síðar Reykjavík-Árbær 31. október 2013.)

Í aðdraganda 100 ára afmælis Alþjóðahreyfingar Rótarý hefur forseti hreyfingarinnar, Glenn E. Estess, lagt áherzlu á markmið hreyfingarinnar að efla siðferði félaga í starfi þeirra. Þetta er í samræmi við grundvallarlög hreyfingarinnar (Gr. 4.2). Í því sambandi vísar hann til fjórprófsins og segist gleðjast, þegar hann sjái spjald með fjórprófinu á vegg þess fyrirtækis, sem hann á viðskipti við, því að þá viti hann, að eigandinn sé rótarýfélagi, sem lætur sér annt um viðskiptavinum sína (Rotary Norden. Nr. 6. 2004, s. 54).

Hefð er fyrir því í nokkrum klúbbum, að færa nýjum félaga spjald með fjórprófinu, til þess að hann geti sett það á vegg í skrifstofu sinni á vinnustað sínum. Í nokkrum klúbbum er venja, að forseti eða klúbbfélagar fari með fjórprófið í lok fundar, til þess að minna á háleit siðferðileg markmið, sem rótarýfélagar eigi að setja sér.

Samkvæmt heimasíðu Alþjóðahreyfingar Rótarý er fjórprófið sú framsetning vinnusiðfræði, sem oftast hafi verið prentuð og oftast sé vitnað til. Það var samið árið 1932 af H. J. Taylor, sem var forseti Alþjóðahreyfingar Rótarý 1955 - 1956. Honum hafði tekizt að bjarga fyrirtæki frá gjaldþroti með því að mæla svo fyrir, að starfsmenn fyrirtækisins fylgdu fjórprófinu við kaup, sölu, framleiðslu, auglýsingar og í öllum samskiptum við

seljendur og kaupendur. Fjórprófið var viðtekið af hreyfingunni árið 1943.

## Fjórprófið

Þessar hugleiðingar mínar byggja á enska frumtextanum:

„Of things we think, say or do

1. Is it the TRUTH?
2. Is it FAIR to all concerned?
3. Will it build GOODWILL and better FRIENDSHIPS?
4. Will it be BENEFICIAL to all concerned?“

Í íslenskri þýðingu mætti orða textann þannig:

„Um þá hluti, sem við hugsum, segjum eða gerum:

1. Er það SANNLEIKUR?
2. Er það SANNGJARNT gagnvart öllum viðkomandi?
3. Mun það efla GÓÐVILD og meiri VINSEMD?
4. Mun það verða öllum viðkomandi TIL GÓÐS?

Á heimasíðu Alþjóðahreyfingar Rótarý er fjórprófið kallað „...einföld heimspeki („...a simple philosophy“).“ Það vekur athygli á einföldum og hagnýtum reglum fyrir rótarýfélaga og þá, sem þeir bera ábyrgð á, í þeim tilgangi að hafa áhrif á þá og umhverfi fleirra.

Í rótarýhreyfingunni hafa menn íhugað nokkuð og skrifað um vinnusiðfræði fyrir rótarýfélaga í þeim tilgangi að heimfæra hana á ákveðnar aðstæður og þar með gefa raunveruleg dæmi um þjónustu í starfi ( Sjá Service Is My Business, 1948 nn.). Árið 1989 voru samþykktar stuttar leiðbeiningar um það háleita siðferði, sem mælt er fyrir um í grundvallarlögum

rótarýhreyfingarinnar (Declaration of Rotarians in Business and Professions).

Reglur, sem oft eru endurteknar, verða gjarnan innantómt hjal, skrautyrði, sem hætta að hafa áhrif á hugsun og atfhöfn. Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er með reglulegu millibili að íhuga siðferðileg markmið rótarýhreyfingarinnar og uppruna þeirra.

## Útgangspunktur - mannúð

Baksvið eða útgangspunktur siðfræðinnar er mikilvægur til skilnings á fjórprófinu. Sögulegt baksvið er að finna hjá stofnandanum, Paul Harris, sem ólst upp á mjög trúuðu heimili, þar sem menn gerðu háleitar siðgæðiskröfur bæði til sjálfs sín og annarra.

Í Chicago, þar sem hann starfaði sem lögfræðingur, saknaði hann umhverfis uppvaxtaráranna, þar sem fólk vildi vera heiðarlegt, treysti hvert öðru og var vinsamlegt í garð hvers annars.

Útgangspunktur rótarýhreyfingarinnar er afstaða til manneskjunnar, sem hægt er að lýsa með orðinu **mannúð**. Hún byggir á hugmyndinni, að allar manneskjur eigi hlutdeild í sameiginlegu lífi og hafi þörf fyrir einlægt samfélag og þjónustu. Frá upphafi hafa félagar í rótarýhreyfingunni viljað leiða saman fulltrúa ólíkra starfsgreina, sem hafa svipuð lífsviðhorf, í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun þeirra, rækta kynni og skilning, sem leiða skal til virðingar fyrir starfi hvers annars, þar sem það gegni þýðingarmiklu hlutverki í samfélaginu. Með þessu móti styrki þeir hver annan í því að þjóna samferðamönnum sínum í lífinu.

Þjónustan felur ekki í sér sjálfseyðingu, heldur felst í henni þvert á móti jákvætt mat á eigin starfi, en það er

forsenda þess, að menn leggi sitt af mörkum til velferðar annarra manna. Það er mikilvægt fyrir sérhvern kaupsýslumann eða embættismann að geta sannfært samferðamenn sína um þýðingu starfsins fyrir samfélagið, en mat samborgaranna byggir á gæðum vörunnar svo og á árangri þjónustunnar. Starfssiðfræðin felst í hugmyndinni um þjónustuhlutverk starfsins, sem menn verði að uppfylla, til þess að fólk beri ekki skaða.

Rótarýhreyfingin leitast enn í dag við að leiða saman fólk með svipuð lífsviðhorf, en úr ólíkum starfsgreinum, án tillits til trúar, kynstofns og þjóðernis, um leið og hún vill gefa öðrum hlutdeild í sýn sinni um mannúðlegt samfélag. *Hreyfingin vill breyta einhliða eigingjarnri afstöðu manna og þeim skilningi þeirra á starfinu, að á því eigi einungis að græða, breyta þessari afstöðu í lífshugsjón, þar sem starf þeirra sé köllun, „vocation,“ í þjónustu samferðamanna.* Opinbert kjörorð Rótarý-hreifingarinnar er í samræmi við þetta:

SERVICE ABOVE SELF.

ÞJÓNUSTA OFAR EIGIN HAG.

Áhugi á fólki er óhjákvæmilegt skilyrði ekki aðeins hjá þeim, sem starfa við hjúkrun, uppeldi og fræðslu. Innan rótarýhreyfingarinnar er mannúð ekki aðeins fólgin í persónulegum stuðningi innan klúbbsins eða aðstoð við félagi í starfi fleirra, heldur einnig í aðgerðum til þess að bæta sameiginlegt félagslegt umhverfi og í framlögum til alþjóðlegra aðgerða fyrir betri heimi.

## **Starf - grundvöllur þátttöku**

Meðal margra félagssamtaka í heiminum, sem hafa umhyggju fyrir velferð manna á dagskrá sinni, sker rótarýhreyfingin sig úr að því leyti, að félagar veljast til

þátttöku á grundvelli starfs. Það fer ekki á milli mála, að félagsleg gerð og birtingarform klúbbanna felst í því, að á vettvangi þeirra eru leiðdir saman góðir og leiðandi fulltrúar mismunandi starfsgreina.

Menn hafa á 100 ára afmælisári 2005 rætt um áherzlu í starfi hreyfingarinnar. Í því sambandi má spyrja, hvort trúverðugleiki hreyfingarinnar í samfélagslegri og alþjóðlegri þjónustu hennar haldist, ef hægt sé að efast um heiðarleika félaganna í starfi þeirra.

Á starfsvettvangi sínum (sem og í fjölskyldulífi) þarf rótarýfélagi ekki að fara langt til þess að þjóna samferðamönnum sínum. Á þeim vettvangi mótaðist fjórprófið. Ef það á að virka, þá verða menn að gera sér far um að tileinka sér persónulega afstöðu þjónustunnar. Fjórprófið hefur reynzt góð aðferð til þess að gera afstöðu þjónustunnar að eðlilegum hluta af lífi manna. Orðalagið virðist einfalt og auðskilið fyrir hvern sem er, ef til vill vegna þess að það inniheldur algeng, en um leið þungvæg og tilfinningahlaðin orð, sem notuð eru í sambandi við tengsl manna við veruleika þeirra. En sá, sem reynir að svara spurningum fjórprófsins uppgötvar, að þær krefjast bæði tíma og ekki svo lítillar umhugsunar.

Spurningarnar eiga við aðstæður, sem skarast að hluta. Þessar ágripskenndu hugleiðingar leyfa ekki ítarleg dæmi. Hver einstakur rótarýfélagi fyrir sig getur endanlega gefið viðeigandi svar við spurningunum í óendanlegum tilbrigðum starfsaðstæðnanna. Það kemur þó ekki í veg fyrir nokkar almennrar hugleiðingar um innihald spurninganna.

**Lýgi - ekki liðin**

Þegar rótarýfélagi er hvattur til að spyrja, hvort það, sem hann hugsar, segi og geri, sé **SANNLEIKUR**, „**the TRUTH**“, þá er verið að spyrja, hvort það sé í samræmi við reynslu manna af veruleikanum, sé áreiðanlegt, haldi til lengdar. Það er spurning um hreinskilni hans. Það getur gerzt, að rótarýfélaga skjátlist, en það má ekki líðast, að hann ljúgi, hvort heldur það er af undirhyggju eða af ásetningi. Hér er einnig átt við óskhyggju, rangar hugmyndir, yfirborðslega greinargerð af ýmsu tagi, óviðeigandi upplýsingar í stað staðreynda, dulda galla vöru, vinnusvik og pretti. Sannleikurinn er forsenda fyrir grundvallandi trausti í sambúð fólks og vellíðan þess.

## **Drengskapur**

Þegar rótarýfélagi er hvattur til þess að vera **SANNGJARN**, „**FAIR**“, gagnvart öllum viðkomandi, þá felst í því, að hann á að koma fram við alla í samræmi við gildandi starfsreglur og alla eins, en einnig af hollustu, þannig að hann taki tillit til sérstæðra aðstæðna hins svo og hagsmuna hans. Það er spurningin um að aðhafast skynsamlega. Báðir aðilar eiga að hafa hag af viðskiptunum. Í ákveðnum aðstæðum, þar sem hagsmunaárekstur á sér stað, þá þurfa báðir aðilar að vera reiðubúnir til málamiðlunar. Í samkeppni ber mönnum að fylgja æðri reglu um velferð viðkomandi. Menn eiga ekki að leita eftir einhliða yfirráðum, sem gjarnan leiða til forræðishyggju og kúgunar. Réttlát og skynsamleg lausn byggir á því, að viðkomandi geti hugsað sig í aðstæðum hins aðilans.

## **Ekki þjóna sérhagsmunum eins umfram aðra**

Þegar rótarýfélagi er hvattur til að efla **GÓÐVILD**, „**GOODWILL**“, og meiri **VINSEMD**, „**FRIENDSHIP**“, þá er átt við, að hann leggi sig fram um að varðveita jákvæða afstöðu til annarra manna, veita þeim persónulega aðstoð, jafnvel þó að um sé að ræða keppinauta, leitast við að uppfylla sanngjarnar óskir og hjálpa þeim eins og öllum öðrum við að leysa í samráði við þá úr vanda þeirra. Það ætti að leiða til frekari kynna og samvinnu í sameiginlegri þjónustu mannúðar. Það gæti jafnvel leitt til persónulegrar gagnkvæmrar umhyggju, einægni og hollustu manna með svipuð lífsviðhorf, en það köllum við vináttu. En rótarýfélagi á í starfi sínu ekki að leitast við að veita öðrum rótarýfélaga sérstök forréttindi eða sýna honum greiðasemi umfram það, sem tíðkast í almennum samskiptum á vettvangi starfsins.

### **Til góðs fyrir alla**

Þegar rótarýfélagi er hvattur til að iðka starf sitt **TIL GAGNS FYRIR ALLA**, „**BENEFICIAL FOR ALL**“, viðkomandi, þá er átt við, að hann eigi að vinna starf sitt þannig, að það þjóni almennri velferð og velgengni. Hér er um sjónarhorn að ræða, sem stendur öðru ofar og þegar hefur komið fram í tengslum við hinar þrjár spurningarnar.

Rótarýhreyfingin má aldrei leiða hjá sér að hugleiða siðfræði sína og forsendur hennar, ef hún vill varðveita eðli (samsemd) sitt. Siðfræðilegar spurningar ólíkra starfsgreina og þá í mismunandi aðstæðum klúbbfélaga þarf að ræða reglulega og opinskátt á fundum rótarýklúbbanna.

Er það satt og rétt?  
Er þwð drengilegt?  
Eykur það velvild og vinarhug?  
Er það öllum til góðs?